

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Þroskaþjálfafélags Íslands (ÞÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) þriðjudaginn 9. nóvember 2021 kl. 14.00. Um fjarfund var að ræða.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir, Anna Lilja Magnúsdóttir, Sóley Veturliðadóttir, Karen Erlingsdóttir og Þórunn Guðrún Einarsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bókun 9 í kjarasamningi SNS og ÞÍ

Fundurinn er framhald af fundi 69 sem haldinn var 3. júní 2021 vegna bókunar 9 í kjarasamningi aðila þar sem tekin var ákvörðun um að leggja spurningakönnun fyrir meðal félagsmanna/starfsmanna ÞÍ í grunnskólum sveitarfélaga er varðar starfsþróun.

Niðurstöður spurningakönnunar um væntingar þroskaþjálfara í grunnskólum sveitarfélaga til starfsþróunar liggja nú fyrir og voru kynntar af hálfu ÞÍ. Um 60% svarhlutfall var að ræða.

Helstu niðurstöður eru þær að það er mikill áhugi fyrir sameiginlegum starfsdegi/dögum félagsmanna ÞÍ sem starfa í grunnskólum.

Fram kom að þeir sem eru einyrkjar í starfi hafa t.d. mikinn áhuga á að skiptast á skoðunum og miðla reynslu.

Áhugi starfsfólks á starfsþróun er margskonar og margar hugmyndir sem félagsmenn nefndu um námskeið og fræðslu, kom fram í könnun.

Umræður spunnust um starfsumhverfi stéttarinnar, m.a. því að þyngstu málefni grunnskólabarna lenda gjarna á herðum þroskaþjálfanna og mikilvægi þess að fá stuðning frá skólamálanefnd og skólateymi sambandsins við ýmis fagleg málefni sem snerta störf þessara aðila.

Niðurstaða:

Fulltrúar ÞÍ og SNS ræða og skipuleggja næstu skref varðandi starfsþróun.

Einnig mun ÞÍ senda Skólamálanefnd sambandsins erindi er varðar starfsumhverfi þroskaþjálfara í skólum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.